

118. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn 19.mars 2021

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í Múlanum-samvinnuhúsi á Neskaupstað og hófst hann kl 13:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir, Pálína Margeirsdóttir og Práinn Lárusson. Sæunn Stefánsdóttir tók þátt í gegnum fjarfundabúnað. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Heimsókn í Múlan- samvinnuhús.

Framkvæmdastjóri fór yfir sögu hússins og kynnti starfsseminu í húsinu. Inn á fundinn kom Geir Sigurpáll Hlökkversson byggingarstjóri Múlans og sagði frá framkvæmdunum og hönnun hússins. Því næst komu þau Stefán Þór Eysteinnsson verkefnastjóri Matís og Kristín Ágústsdóttir forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands og fóru yfir starfsemi sinna stofnanna á Austurlandi.

2. Fundargerð 117. fundar stjórnar til samþykktar.

Fundargerðin var samþykkt af stjórn og verður undirrituð rafrænt.

3. Skipun í verkefnisstjórn Seyðisfjörður

Framkvæmdastjóri sagði frá verkefninu sem fór hratt og vel af stað. Verkefnisstjórnin samanstendur af tveimur fulltrúum úr heimastjórn Seyðisfjarðar, tveimur úr Múlaþingi og einum frá Austurbrú. Í henni sitja Gauti Jóhannesson (formaður) og Stefán Bogi Sveinsson fyrir Múlaþing, Ólafur Hr. Sigurðsson og Berglind Harpa Svavarsdóttir fyrir heimastjórn Seyðisfjarðar og Einar Már Sigurðarson fyrir Austurbrú.

4. Undirbúningur ársfundar

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði varðandi ársfund. Rætt hvort færa skuli ársfundardagsetninguna sem unnið hefur verið út frá og verður ákvörðun tekin á næsta fundi

5. Önnur mál

-Uppbygging við Stuðlagil. *Gauti Jóhannesson sagði frá því að skrifað hefði verið undir samning milli Austurbrúar og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna uppbyggingu við Stuðlagil. Verkefnið er styrkt um 15 milljónir og mun afrakstur vinnunar nýtast öðrum áfangastaðastofum sem fyrirmynd.*

-Markaðssetning vetraríþróttá .*Umræður stjórnar um sameiginlega markaðssetningu Austurlands yfir vetrartíman. Stjórn Austurbrúar felur verkefnastjórum Austurbrúar að setja sig í samband við fulltúa Múlaþings og Fjarðabyggðar með það fyrir augum að samræma markaðssetningu vetraríþróttá.*

Ekki fleiri mál fundi slitið kl 15:00